

## Fyrirspurn

til heilbrigðisráðherra um húsnæði Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins.

Frá Ástu R. Jóhannesdóttur.

1. Hefur farið fram þarfagreining á starfsemi, framtíðaruppbyggingu og húsnæðismálum Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins, sem sett var á laggirnar um mitt ár 2005, sérstaklega hvað varðar stjórnslu hennar og miðlæga þjónustu?
2. Ef svo er, hvenær fór sú þarfagreining fram, hverjir tóku þátt í henni, hvaða gögn liggja fyrir eftir þá greiningu og hver var niðurstaða hennar?
3. Hvað gerðu stjórnvöld til að tryggja áframhaldandi starfsemi Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins í Heilsuverndarstöðinni þegar sala hússins var ákveðin?
4. Var rætt til þrautar við nýjan eiganda hússins um hvort möguleiki væri á samkomulagi þegar lá ljóst fyrir að húsnæðið sem var í boði var ekki hentugt og uppfyllti ekki kröfur í auglýsingu um að starfsemi heilsugæslunnar yrði undir einu þaki og að það lægi á útkanti þess svæðis sem var tilgreint í auglýsingu?
5. Hverjir eru eigendur þess húsnæðis sem tekið var á leigu, þ.e. hvaða aðilar standa að Landsafli sem er leigusali?
6. Var arkitektinn, sem vann að skipulagi nýja húsnæðisins, ráðinn á vegum hins opinbera eða leigusala? Ef hann var ráðinn á vegum hins opinbera, er umfang og kostnaður verkefnisins þess eðlis að bjóða hefði það út á almennum markaði í samræmi við reglur um opinberar framkvæmdir?

Skriflegt svar óskast.